

90
19. oktbr. Stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um að Jóni Björnssyni hafi verið ráðstafað sem þurfalangi Reykhólahrepps vorið 1896, þar sem hann hafði beiðzt styrks af fátækrafje hreppsins, og oddviti fyrir hreppsnefndarinnar hönd, samkvæmt þeirri beiðni, ráðstafaði heimilisfangi hans og tókst á hendur ábyrgð á því, að býli hans yrði skilað í löglegu standi, og það hafi þá þýðing, að sveitfestisdvöl hans í Geiradalshreppi hafi þá slitnað.

Samkvæmt þessu er hjermeð staðfestur úrskurður yðar um að nefndur Jón Björnsson skuli teljast sveitlægur í Reykhólahreppi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar fyrir hreppsnefndunum í Reykhólahreppi og Geiradalshreppi.

91
18. sept.

Auglýsing

um

skilyrði til bráðabirgða fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingskóla.

1. Kennslan verður að fara fram í sæmilega góðum húsakynnum, svo að heilsu unglínganna sje eigi misboðið af skorti á ljósi, lopti nje hita.
2. Við kennsluna verður að hafa allranauðsynlegustu kennsluáhöld, svo sem landabryjef, jarðlíkan, náttúrufræðismyndir.
3. Kennslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem stjórnarráðið hefir samþykkt.
4. Skólínn standi að minnsta kosti 5 mánuði ársins samfleytt, og njóti kennslu að minnsta kosti 12 unglíngar allan kennslutímánn í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru.
5. Í lok skólaársins sje haldið próf að viðstöddum 2 prófdómendum, er sýslunefnd kýs.
6. Umsóknarbrjefum til stjórnarráðsins um styrk úr landssjóði til unglingskóla skal fylgja skýrsla um kennsluna og prófið, svo og um skólahúsið og kennsluáhöld, og eiga prófdómendur að rita nöfn sín á hana til staðfestingar ásamt kennurunum.

Í stjórnarráði Íslands, 18. septbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.